

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 76 8. marz 1968 og síðari breytingar á henni.

Íðnaðarráðuneytið, 7. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Þingeyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Þingeyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 5 000.00 krónum.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Þingeyrarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1970.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. október 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —, er gjöf til Miðdalahrepps, Dalasýslu, frá Jóni Sumarliðasyni, fyrrv. bónda og hreppstjóra, frá Breiðabólstað í Miðdölum í tilefni af 70 ára afmæli hans hinn 13. september 1959. Fé þetta er nú geymt í sparissjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands.